



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 132/672*  
*komudagur 17.1.2006*

MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
THE ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTER

Reykjavík, 12. desember 2006.

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða réttarstöðu samkynhneigðra (sambúð, ættleiðingar, tæknifrjógungun), 340. mál sem lagt hefur verið fram á 132. löggjafarþingi 2005 – 2006, nánar tiltekið þingskjal 374.

Mannréttindaskrifstofan fagnar efni frumvarpsins en með því skipa íslensk stjórnvöld sér í framvarðasveit á heimsvísu í tryggingu réttinda samkynhneigðra; verði frumvarpið að lögum er jöfn er staða samkynhneigðra og gagnkynhneigðra borgara í samfélaginu og í fjölskyldulífi viðurkennd.

Fyrirhugaðar réttarbætur miða að því að afnema mismunun sem enn fyrirfinnst í lögum varðandi réttarstöðu samkynhneigðra. Meðal þess sem frumvarpið tekur til eru rýmkuð skilyrði staðfestrar samvistar, óvígð sambúð samkynhneigðra er lögð að jöfnu við óvígða sambúð gagnkynhneigðra með tilheyrandi réttindum, heimild er gefin til frumættleiðinga og tæknifrjógungana og kveðið er á um fæðingar- og foreldraorlof. Frumvarpið tekur á heildstæðan hátt á flestum þáttum fölskyldulífs og endurspeglar þá jákvæðu viðhorfsbreytingu sem orðin er í íslensku samfélagi gagnvart samböndum og fjölskyldulífi samkynhneigðra.

Ekki verður séð, að frumvarpið fari á neinn hátt í bága við mannréttindalög, hvorki ákvæði íslenskra laga né alþjóðalaga. Mannréttindaskrifstofa Íslands lætur því í ljós þá von að fyrirhugaðar lagabreytingar nái fram að ganga en telja má víst að þær endurspegli ríkjandi viðhorf og vilja meirihluta landsmanna.

Í ljósi ofangreinds frumvarps telur Mannréttindaskrifstofa Íslands liggja beint við að fyrirhugaðar stjórnarskrárbreytingar taki mið af breyttum viðhorfum gagnvart réttindum samkynhneigðra. Mikið vatn runnið til sjávar frá breytingunum 1995 þegar



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
THE ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTER

tillögum um að geta kynhneigðar sérstaklega í 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrár var hafnað. Mannréttindaskrifstofa Íslands ítrekar að það er tímabært og tilefni til að tryggja jafnan rétt og bann við mismunun á grundvelli kynhneigðar í stjórnarskrá.<sup>1</sup>

Loks telur Mannréttindaskrifstofan mikilvægt til að tryggja full réttindi samkynhneigðra para til jafns við gagnkynhneigð pör, – með vísan til 65. gr. og 63. gr. stjórnarskrár og alþjóðlegra mannréttindaskuldbindinga sem Ísland hefur undirgengist<sup>2</sup> – að tekið verði til athugunar að auk sýslumanna og fulltrúa þeirra verði forstöðumönnum skráðra trúfélaga, sem það vilja, heimilað í lögum að gefa saman samkynhneigð pör.<sup>3</sup>

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

-----  
Guðrún D. Guðmundsdóttir, frvk.stj.

<sup>1</sup> Sjá, t.d. tilmæli þings Evrópuráðsins 1474 (2000) og 29. gr. 3. kafla Ottava yfirlýsingar Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu frá 1995 þar sem ríki eru hvött til að lögleiða bann við mismunun á grundvelli kynhneigðar.

<sup>2</sup> Sbr. t.d. 9. gr. (trúfrelsi) og 14. gr. (bann við mismunun) Mannréttindasáttmála Evrópu og 2. (bann við mismunun), 26. gr. (allir skulu jafnir fyrir lögum), 18. gr. (trúfrelsi) og alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi en mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna komst að þeirri niðurstöðu í máli nr. 488/92, *Toonen gegn Ástralíu*, að hugtakið „kynferði“ í 2. og 26. gr. samningsins tæki til kynhneigðar.

<sup>3</sup> Í könnun sem Gallup lét gera í júní 2004 kemur fram að rúmlega 87% þjóðarinnar vilja leyfa samkynhneigðum að gifta sig og þar af eru tæplega 69% sem vilja að samkynhneigðir fái að gifta sig í kirkju. Heimasíða Gallup  
<http://gallup.is/main/view.jsp?branch=683612&e342RecordID=863&e342DataStoreID=5147>